

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 247/2024

2025/EES/9/19

frá 25. október 2024

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1127 frá 8. febrúar 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242 með því að setja fram leiðbeinandi meginreglur og viðmiðanir til að ákvarða verklagsreglur um sannprófanir á gildum fyrir koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun þungra ökutækja í notkun (sannprófun ökutækja í notkun) ⁽¹⁾.
- 2) Aðlögunartexti c) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242 var tekinn upp í XX. viðauka við EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 398/2021 frá 10. desember 2021 ⁽²⁾. Aðlögunartextinn er uppfærður til að tryggja samræmt orðalag og réttarvissu í EES-samningnum að því er varðar úthlutun upphæða umframlosunargjalds fyrir EFTA-ríkin.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Viðauka XX. við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Í aðlögunartexta c) við lið 21azka (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242) falla orðin „framleiðendur með staðfestu í“ brott.
2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 21azkab (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2336):

„21azkac. **32024 R 1127**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1127 frá 8. febrúar 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242 með því að setja fram leiðbeinandi meginreglur og viðmiðanir til að ákvarða verklagsreglur um sannprófanir á gildum fyrir koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun þungra ökutækja í notkun (sannprófun ökutækja í notkun) (Stjtið. ESB L, 2024/1127, 16.4.2024).“

2. gr.

Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/1127, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. október 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1127, 16.4.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/1127/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/681, 14.3.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/681/oj>

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. október 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður